Nd. **343. Breytingartillögur**

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 37. gr.
   a. Á eftir orðunum „reisa bú“ í 3. mgr. bætist: eða eru að byrja fjáreign.
   b. Á eftir 3. málsgr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
      Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.
2. Við 38. gr. Á eftir orðunum „fái líflömb“ í 2. málsgr. breytist málsgreinin og orðist svo: fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé ef unnt er útvegað $\frac{5}{7}$ af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Framlag ríkisins skal greitt upp í verð lambanna, en ekki er skylt að greiða það fyrr en ári eftir að fjárskipti fóru fram.
3. Við 39. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Veita skal fjáreigendum o. s. frv.